

Alþingi
Erindi nr. P 428/1530
komudagur. 6.3.2003



Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 5. mars 2003

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, 636. mál.


Samtök iðnaðarins fagna fram komnu frumvarpi um greiðslu verðjöfnunar við útflutning fullunninna vara sem innihalda landbúnaðarhráfni. Eins og fram kemur í umfjöllun með frumvarpinu hefur slík verðjöfnun verið greidd frá árinu 1995 og allt þar til á síðasta ári að greiðslur voru stöðvaðar á þeirri forsendu að lagastoð væri ekki nægilega skýr. Því er greinilega þörf á að tryggja lagastoðina.


Greiðsla verðjöfnunar við útflutning er mikið hagsmunamál þar sem mikill munur er á innlendu og erlendu verði sumra hráefna sem gerir íslenska vöru ósamkeppnishæfa á erlendum mörkuðum. Þetta á t.d. við um mjólkur- og undanrennuduft, sem hefur mikil áhrif á verð á súkkulaði.

Íslenskir súkkulaðiframleiðendur hafa, frá því greiðsla verðjöfnunar við útflutning hófst, byggt upp nokkuð öflugan markað í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli í harðri samkeppni við tollfrjálst, erlent súkkulaði. Sá afturkiptur, sem kom í greiðslu verðjöfnunar á síðasta ári, hefur kippt stoðunum undan þeim markaði. Því telja Samtök iðnaðarins mjög mikilvægt að greiðslur, samkvæmt þessu frumvarpi og reglugerð byggðri á því, verði afturvirkar frá þeim tíma er hætt var að greiða verðjöfnun vegna útflutnings á súkkulaði. Samtökin leggja til að inn í löginn verði sett svohljóðandi **ákvæði til bráðabirgða**: *Greiða skal verðjöfnun í samræmi við ákvæði 85. gr. A til þeirra sem áttu rétt á verðjöfnunargreiðslum í samræmi við eldri reglur, vegna viðskipta sem áttu sér stað frá 1. janúar 2001 og fram að gildistöku þessara laga.*

Samtökin telja mjög óeðlilegt að miða verðjöfnunargreiðslur við fasta fjárhæð á fjárlögum, sérstaklega í ljósi þess að viðmiðunarfjárhæðin hefur ekki hækkað frá árinu 1995. Markaður fyrir íslenskt súkkulaði hefur verið vaxandi í Fríhöfninni á undanförunum árum. Því má búast við að eftirspurn aukist fremur en hitt. Engin verðjöfnun var greidd vegna þessa útflutnings á síðasta ári. Því er mikilvægt að gert verði ráð fyrir uppsöfnuðum kostnaði fyrst í stað. Samtökin leggja til að fjárheimildir til verðjöfnunar við útflutning verði ekki takmarkaðar við fasta fjárhæð.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri


Ragnheiður Héðinsdóttir,
matvælafræðingur